Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Reykjavík, 6. nóvember 2026
ÞON26110001
Tilv. 2610202/2.6.2

Eftirlitskönnun Þjóðskjalsafns Íslands um skjalageymslur afhendingarskyldra aðila 2026

Samantekt: Borgarstjóra og borgarráði er hér með upplýst um eftirlitskönnun Þjóðskjalasafns Íslands og fyrirhugaðri afgreiðslu hennar. Upplýsinga- og skjalastýring mun annast samræmingu og skil svara fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Þegar niðurstöður liggja fyrir verður borgarráði kynnt heildaryfirlit um umfang og stöðu skjalageymslna og pappírsskjala borgarinnar, ásamt mati á áframhaldandi vinnu við skráningu, pökkun og afhendingu þeirra til varanlegrar varðveislu.

Greinargerð til upplýsinga:

Þjóðskjalasafn Íslands (ÞÍ) hefur sett af stað eftirlitskönnun þar sem óskað eftir upplýsingum um skjalageymslur afhendingarskyldra aðila. Könnunin tekur m.a. til fjölda og stærðar skjalageymslna, magns pappírsskjala í hillumetrum, ástands geymslna og þess hvort fyrir liggi yfirsýn yfir pappírsskjöl hjá stofnunum og starfseiningum sveitarfélaga.

Samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn ber forstöðumaður afhendingarskylds aðila ábyrgð á skjalastjórn og skjalavörslu viðkomandi aðila og því að unnið sé í samræmi við lög og reglur þar að lútandi. Hjá sveitarfélagi hvílir samsvarandi ábyrgð á framkvæmdastjóra sveitarfélagsins. Hjá Reykjavíkurborg er þessi ábyrgð á herðum borgarstjóra, en samkvæmt reglum borgarinnar um upplýsinga- og skjalastjórn samþykktar í borgarráði 26.febrúar 2026 fer þjónustu- og nýsköpunarsvið (ÞON), og þar undir skrifstofa upplýsinga- og skjalastýringar (USS), með miðlæga framkvæmd og samræmingu skjalastjórnar í umboði borgarstjóra. USS mun því annast svöru eftirlitskannanar fyrir Reykjavíkurborg og samræma upplýsingaöflun frá starfseiningum.

Um leið og Reykjavíkurborg er skylt að svara könnun ÞÍ er könnunin jafnframt tækifæri til að fá heildstæðari yfirsýn yfir umfang pappírsskjala í skjalageymslum borgarinnar. Í könnuninni er sérstaklega spurt hvort sveitarfélag hafi yfirsýn yfir fjölda hillumetra pappírsskjala hjá starfseiningum, svo sem grunn- og leikskólum, íþróttamannvirkjum og öðrum stofnunum sveitarfélags.

Í kjölfar breytinga á fyrirkomulagi opinberra skjalasafna með niðurlagningu Borgarskjalasafns og tilfærslu verkefna hefur afhendingarskylda Reykjavíkurborgar færst til Þjóðskjalasafns Íslands, þar sem talið afhending pappírssafna. Mikilvægt er því að fá sem besta yfirsýn yfir það magn pappírsskjala sem enn er varðveitt hjá miðlægri stjórnsýslu og starfseiningum borgarinnar og þarf á endanum að koma til varanlegrar varðveislu. Samkvæmt lögum er almenna reglan sú að pappírsskjöl séu afhent þegar

Reykjavík

þau eru orðin 30 ára gömul, þó heimilt sé að stytta eða lengja þann frest í einstökum tilvikum.

Úttekt var gerð á stöðu skjalageymslna miðlægrar stjórnsýslu í tengslum við eftirlit árið 2025. Sú úttekt náði eingöngu til skjalasafna miðlægrar stjórnsýslu, þ.e. kjarna og stoðsviða en ekki starfseininga. Sambærileg heildarúttekt liggur því ekki fyrir vegna allra starfseininga borgarinnar. Síðasta eftirlitskönnun Borgarskjalasafns var framkvæmd 2021 en hefur ekki verið endurtekin síðan. Ekki liggur því fyrir hvert núverandi umfang pappírsskjala starfseininga Reykjavíkurborgar er. Við undirbúning svara við könnuninni verður leitast við að afla upplýsinga frá starfseiningum og leggja mat á heildarumfang, m.a. í fjölda skjalageymslna, fermetrum og hillumetrum.

Samhliða þessari vinnu verður áfram unnið að flokkun, pökkun og skráningu eldri pappírsskjala með það að markmiði að uppfylla lögbundnar skyldur Reykjavíkurborgar um varðveislu og afhendingu skjala. Þótt stjórnsýsla borgarinnar hafi á síðustu árum færst að yfir á rafrænt form og ný gögn verði því í vaxandi mæli til og varðveitt á rafrænu formi, er enn umtalsvert magn eldri pappírsskjala til varðveislu hjá borginni sem þarf að vinna með á skipulegan hátt á næstu árum.

f.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Óskar Þór Þráinsson,
skrifstofustjóri skrifstofu upplýsinga- og skjalastýringar

Hjálagt: Bréf Þjóðskjalasafns Íslands, dags. 30. október 2026, um könnun á skjalageymslum afhendingarskyldra aðila 2026.

Reykjavík

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

Til afhendingarskyldra aðila

Reykjavík 30. október 2026
Tilv. 2610202/2.6.2

Efni: Könnun á skjalageymslum afhendingarskyldra aðila 2026

Þjóðskjalasafn Íslands hefur það hlutverk samkvæmt lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn að hafa eftirlit með skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila. Eftirlitið felur í sér að kanna hvernig framkvæmd laga um opinber skjalasöfn er hjá afhendingarskyldum aðilum, þar með talið reglna sem safnið hefur sett á grundvelli laganna og reglugerða sem ráðherra hefur sett. Afhendingarskyldir aðilar til Þjóðskjalasafns eru allir aðilar sem heyra undir stjórnsýslu ríkisins og sveitarfélög sem ekki reka héraðsskjalasafn á eigin vegum eða eru aðilar að slíku safni, sbr. 1., 2. og 4. mgr. 14. gr. laga um opinber skjalasöfn.

Frá árinu 2004 hefur Þjóðskjalasafn kannað stöðu allra þátta skjalavörslu og skjalastjórnar afhendingarskyldra aðila með rafrænum eftirlitskönnunum á fjögurra ára fresti. Þá hafa verið framkvæmdar sértækar kannanir, t.d. á skjalageymslum afhendingarskyldra aðila ríkisins og skjalavörslu prestakalla árið 2021. Niðurstöður sértækra kannana hafa verið gefnar út í skýrslum sem eru aðgengilegar á vef Þjóðskjalasafns Íslands.

Nú er ástæða til að kanna aftur sérstaklega skjalageymslur afhendingarskyldra aðila fyrir pappírsskjöl. Markmiðið er að afla upplýsinga um fjölda skjalageymsla, fermetrafjölda þeirra og ástand og umfang pappírsskjala í vörslu afhendingarskyldra aðila. Jafnframt að afla upplýsinga um þörf fyrir að skila yngri pappírsskjölum en 30 ára gömlum til Þjóðskjalasafns. Niðurstöðurnar nýtast Þjóðskjalasafni við að meta varðveisluaðstæður pappírsskjala afhendingarskyldra aðila og áætla umfang pappírsskjala sem munu berast safninu á næstu árum.

Afar mikilvægt er að allir afhendingarskyldir aðilar svari könnuninni. Rétt er að hafa í huga að hér er ekki um skoðanakönnun að ræða heldur upplýsingaöflun sem byggir á lögboðnu hlutverki Þjóðskjalasafns og því vinsamlegast farið fram á að allir svari.

Samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga um opinber skjalasöfn ber forstöðumaður ábyrgð á skjalavörslu og skjalastjórn síns embættis, stofnunar eða fyrirtækis, þ.m.t. að unnið sé í samræmi við lög og reglur þar að lútandi. Sama á við um framkvæmdastjóra sveitarfélags. Þetta bréf er því sent til ábyrgðarmanna skjalavörslu og skjalastjórnar en gert er ráð fyrir að þeir feli skjalastjóra eða skjalaverði að svara könnuninni eftir atvikum, ef slíkur starfsmaður er fyrir hendi.

Könnunin verður send rafrænt til ábyrgðarmanna skjalavörslu og skjalastjórnar 4. nóvember 2026 og þess farið á leit að henni sé svarað eigi síðar en 25. nóvember næstkomandi. Árni Jóhannsson, skjalavörður, hefur umsjón með verkinu. Beina má spurningum til hans á póstfangið skjalavarsla@skjalasafn.is

Virðingarfyllst,

Hrefna Róbertsdóttir
þjóðskjalavörður
(undirritað rafrænt)

Undirritunarsíða

Hrefna Róbertsdóttir